

Sp.

407. Fyrirspurnir.

[214. mál]

I. Til menntamálaráðherra um innheimtu afnotagjalda sjónvarps og hljóðvarps.

Frá Helga F. Seljan.

1. Er það rétt, að innheimtudeild Ríkisútvarpsins innheimti sameiginlega gjald af sjónvarpi og hljóðvarpi, án tillits til þess, hvort viðkomandi á hljóðvarpstæki eða ekki?
2. Ef svo er, hvaðan kemur stofnuninni heimild til svo sérstæðrar innheimtu?
3. Mun ráðherra hafa afskipti af þessu máli og þá hver?

II. Til menntamálaráðherra um flutning sjónvarps á leikhúsverkum.

Frá Karvel Pálmasyni.

1. Hvers vegna hefur sjónvarpið aðeins flutt fáein þeirra leikrita, sem sýnd hafa verið í helstu leikhúsum landsins?
2. Er það viljaleysi sjónvarpsins eða leikhúsanna, sem veldur því, að íbúum landsbyggðarinnar er ekki á þennan hátt gefinn kostur á að njóta þeirra leikrita, sem sýnd eru í höfuðborginni?
3. Er menntamálaráðherra reiðubúinn til að beita sér fyrir því, að sjónvarpið taki flest verk helstu leikhúsa landsins til sýninga?
4. Hvers vegna er ekki hér sjónvarpað beint frá leiksýningum eins og víða tíðkast erlendis?

III. Til viðskiptaráðherra um eftirstöðvar oliustyrks.

Frá Gunnlaugi Finnssyni.

1. Hve há upphæð er enn ógreidd af söluskattsstigi því, sem verja skyldi til niðurgreiðslu á olíu vegna hitunar íbúðarhúsnæðis fyrir tímabilið 1. mars 1974 til 28. febr. 1975 samkv. lögum nr. 5 28. febr. 1974 og lögum nr. 47 frá 14. maí 1974?
2. Hvernig verður eftirstöðvunum skipt milli aðila, sem notuðu olíu til hitunar íbúða sinna, og rafveitna, sem notuðu olíu til framleiðslu á raforku til húshitunar?